

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði sunnan Glerár.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 29. október 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði sunnan Glerár.

Breytingin tekur til Grímseyjargötu 2 og felur í sér að nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar úr 0,4 í 0,5. Hámarkshæð bygginga hækkar úr 7 metrum í 9 metra en þakhalli helst óbreyttur. Bílastæði innan lóðar verða 16 talsins.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og var grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 4. desember 2025.

F.h. Akureyrarbæjar,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B deild - Útgáfudagur: 18. desember 2025